

# STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1994

9. mars 1994

265

Nr. 108

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 283, 20 júlí 1993,  
um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

8. töluliður 1. gr. reglugerðar nr. 283/1993 orðist svo: Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°05,76 N – 13°14,40 V
2. 64°17,65 N – 13°21,10 V
3. 64°33,00 N – 13°23,00 V
4. 64°33,00 N – 12°40,00 V
5. 64°25,00 N – 12°34,00 V
6. 64°16,00 N – 12°46,80 V
7. 64°08,00 N – 13°02,55 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. mars 1994.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. mars 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

9. mars 1994

Nr. 109

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Fætinum.

1. gr.

Frá og með 12. mars 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði fyrir Austurlandi, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°32,92 N – 12°15,51 V
2. 64°40,89 N – 12°17,51 V
3. 64°42,69 N – 12°04,45 V
4. 64°33,11 N – 12°10,98 V

B 20

Steindórsprent Gutenberg hf.